

Fundur í stjórn Barmahliðar föstudaginn 3. apríl 2009 kl. 13:00.  
Fundarstaður fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Rebekka Eiríksdóttir, Hrefna Hugósdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Dagskrá.

1. Breyting á ráðningu hjúkrunarforstjóra.  
Ákveðið að hjúkrunarfræðingsstaðan verði 2x60% frá 1. sept. 2009 til 31. maí 2010.  
Tveir hjúkrunarfræðingar munu skipta stöðunni með sér og annar þeirra verður hjúkrunarforstjóri og hinn deildarstjóri.  
Gengið verður frá samningum fyrir 9. apríl n.k.
2. Eldvarnarmál.  
Skýrsla eldvarnareftirlits lögð fram og rædd. Bæta þarf eldvarnir frá því sem nú er. Vantar fleiri neyðarlýsingar. Skipta þarf byggingunni niður í fleiri brunahólf. Setja skal upp fimm eldvarnarhurðir á neðri hæð, stefnt skal að því að ljúka því fyrir 1. júní n.k. Tryggja þarf símasamband við húsið þótt rafmagn fari af. Þjálfa þarf rýmingu hússins. Stefnt er að brunaæfingu 23. maí n.k. og miðast æfingin við bruna í eldhúsi. Þetta þarf lagnagöt. Koma skal skýringamynd og viðhaldsbók fyrir við stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfisins. Unnið er að endurbótum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:05.

Rebekka Eiríksdóttir (sign)  
Hrefna Hugósdóttir (sign)  
Gústaf Jökull Ólafsson (sign)  
Egill Sigurgeirsson (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)